

**Ed.**

**323. Nefndarálit**

[171. mál]

um frv. til laga um jöfnunargjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það ákvæði til bráðabirgða, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að bætist við frumvarpið, felur í sér óskoraða heimild til ríkisstjórnarinnar til viðbótarskattlagningar í hvaða formi sem henni hentar, þar eð ákvæðið tiltekur ekki einungis heimild til hækkunar á jöfnunargjaldi eða framlengingu aðstöðugjalds, heldur einnig álagningu svonefnds álagningarígildis þessa. Á sama hátt afsalar Alþingi sér ráðstöfunarvaldi yfir því fé, sem þannig fæst, með því að ekki eru sérstök ákvæði þar að lútandi, heldur aðeins vísbending um að tekjurnar skuli renna til iðnþróunar sem er allvitt og ónákvæmt hugtak er túlka má á ótal mismunandi vegu. Með samþykkt þessa ákvæðis afhenti Alþingi þannig ríkisstjórninni bæði óútfyllt tékkahefti og óskrifaða reikningablokk.

Í þeirri skattheimtustefnu, sem ríkisstjórnin rekur, er nægilegt svigrúm til fjárveitinga til iðnþróunarverkefna, án þess að sérstök gjaldtaka komi til. Tillaga meiri hluta nefndarinnar verður því ekki heldur studd sérstökum rökum um fjárþörf.

Málið í heild verður að teljast illa upplýst og stangast hvað á annars horn í málflutningi embættismanna og sérfróðra aðila, en stefnumörkun af hendi ríkisstjórnarflokka er ekki fyrir hendi, eins og sést af því, að í sömu andrá er talað um hækkun jöfnunargjalds og framlengingu aðlögunargjalds ellegar bara eitthvert ígildi annars hvors.

Gjaldtaka af þessu tagi er til þess fallin að afsaka og fresta nauðsynlegum og eðlilegum aðgerðum, sem eru grundvallarforsenda farsællar framvindu í iðnaði og skynsamlegrar iðnþróunar.

Bæta þarf og jafna aðstöðu iðnaðarins með almennum aðgerðum, svo sem á sviði tollamála og lánamála. Yfirlýst er af hálfu iðnaðarins að hann kjósi frekast slíka aðstöðujöfnun, enda um það rætt frá upphafi. Augljóst er að slíkar aðgerðir eru löngu tímabærar.

Með tilvísun til þessa alls leggur minni hluti nefndarinnar til að tillaga um ákvæði til bráðabirgða verði felld, en frumvarpið samþykkt að öðru leyti, enda er 3% jöfnunargjald til þess eins að vega upp á móti samkeppnisóhagræði af söluskatti þeim sem á er lagður hérlendis, en minnir hins vegar á nauðsyn þess að afnema sölu-skatt og taka upp virðisaukaskatt í hans stað.

Alþingi, 18. des. 1980.

Kjartan Jóhannsson.